

Tryggvi Árnason

Morgunblaðið/Friðþjófur

KÆRA REYKJAVÍK

— Svo nefnir Tryggvi Árnason fyrstu grafikeinkasýningu sína, sem opnuð var nú um helgina, þurfti myndgerðina, hvaðan er hún spröttin?

Til að nálgast myndefni sitt í sýninguna á Kjarvalsstöðum, sem opnuð var nú um helgina, þurfti Tryggvi Árnason oft að sniglast um í húsgörðum hjá bláókunnugu fólki. Var glugga þá gjarnan lokið upp og spurt góðlátlega: „Hvað ert þú að gera þarna, væni minn“?

Í öðrum borgum eða jafnvel í öðrum hverfum þessarar borgar hefði eflaust verið hringt á lög-regluna og maðurinn fjarlægður hið bráðasta, en ekki þarna.

Það er því ekki undarlegt að Tryggva skuli þykja vænt um það hverfi, sem geymir svo háttprúðar manneskjur. Hér er átt við gamla borgarhlutann í Reykjavík, honum tileinkar Tryggvi þessa fyrstu einkasýningu sína.

„Í gamla bænum, nánar tiltekið á Njálsgötu 9, bjuggu föðurfor-eldrar mínir Arndís Jónsdóttir og Tryggvi Árnason og hjá þeim átti ég athvarf frá því ég man eftir mér,“ segir hann þar sem við virðum fyrir okkur myndefnið á heimili hans.

„Leiðin heiman frá mér, ég bjó á Sóleyjargötunni, lá um þessar slóðir. Vakti hún svo mikla hrifningu mína, að ég átti það til sem strákur að skröpa í skólanum á sólskinsdögum bara til að skoða hverfið og kynna nýjum leiðum og forvitnilegum bakgörðum.“

Ég var tíður gestur hjá afa og ömmu og sá andi sem ríkti á heimili þeirra er jafnframt sú tilfinning, sem ég er að reyna að vekja með myndunum af Reykjavík.

Konan mín, Erla Gunnarsdóttir, ólst upp í nágrenninu eða á Grettisgötunni og eru þessar myndir ekkert síður tileinkaðir henni; hún, afi minn og amma og Reykjavík, þetta er allt samofið.

— Þú tengir hverfið ákveðnu fólki, en samt eru myndirnar mannláusar.

„Það voru mörg andlit, sem ég sá fyrir mér við myndgerðina og áttu heima þar. En hefðu þau verið með væru áhrifin önnur.“

Margt af þessu fólki hef ég ef til vill ekki hitt síðan ég var í 7 ára bekk eða Versló, en mig langar til að sjá þessi andlit aftur svo ég ákveð að senda þeim, sem ég man

eftir boðskort á sýninguna. Mér finnst þessi andlit tilheyra þar.“

— Sú tækni, sem þú notar við myndgerðina, hvaðan er hún spröttin?

„Ég varð snemma í námi mínu hrifinn af meðförum Andy Warhol á silkiþrykkinu, en hann leysir myndir sínar upp í sterk form og litrika fleti. Tengir þetta síðan

saman með hörðum grafiskum ljósmyndum.“

Þjóðverjinn Gerd Winner notar svipaða aðferð nema hann notar margar misjafnlega lýstar grafískar myndir hverja ofan á aðra, þannig að dýptin verður meiri.

Silkiþrykkið krefst mikillar nákvæmni og þolinmæði. En fátt jafnast á við þá opinberun er kemur að lokaþrykkinu og myndin er fullmótuð.“

— Þú byrjaðir þetta verk á að taka ljósmyndir af öllum húsunum þínum

„Já, ég tók mörg hundruð lit-skyggjur af gamla borgarhlutanum í Reykjavík og nota þær sem uppistöðu. Flestar eru þær teknar á árunum 1981–83.“

En auðvitað hef ég breytt ýmsu í vinnslunni, sneri við húsum, gaf þeim liti, sem sprottir eru af þeim tilfinningum sem þau vöktu hjá mér. Fjarlægði hús í nágrenninu, ef þau trufluðu myndbygginguna, og setti inn illgresi eða trjágróður, þar sem mér fannst það eiga við.“

— Á silkiþrykkið allan hug þinn?

„Það hefur átt alla mína athygli síðastliðin 3 ár en ég ætla að hvíla mig á því eftir sýninguna, því fyrir nokkrum dögum eignaðist ég ætlingarpressu og vil gjarnan prófa mig áfram með hana.“

Það þykir eðlilegt að fólk ákveði snemma á ævinni hvað það vill verða í lífinu eins og það er kallað. Tryggvi gerði það reyndar líka en þessa ákvæðun hefur hann tekið tvisvar. Fyrst þegar hann fór í Verslunarskólann, útskrifaðist þaðan og gerðist bankamaður og var lengst af aðalbókari í Verslunarbbankanum og loks tölvueigandi, sjálfstæður atvinnuurekandi, sem

tekur að sér verkefni fyrir fyrir-tæki.

Á miðri ævi sest hann svo aftur á skólabeck, fyrst á kvöldnámskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur í nokkur ár. Hann segist hafa verið innritaður á námskeiðið án sinnar vitundar. Hvað sem því líður, af stað fór hann með fjórar túpur af olíulitum og einn pensil og kom svo dáleiddur heim með fyrstu myndina.

Þarna kynntist hann göðum vinum, sem eru kennararnir Þorbjörg Höskuldsdóttir, Valgerður Bergsdóttir og Hringur Jóhannesson. Hvöttu þau hann til frekara náms og sótti Tryggvi um inn-göngu í Myndlista- og handiðaskólann árið 1981 og var þá metinn inn á þriðja ár og lauk þaðan prófi fyrir tveim árum.

„Þegar ég var polli var ég kallaður Tryggvi teiknari. Þeir hafa sagt það skólafélagar mínir að ég hafi alltaf sagst ætla að verða myndlistarmaður,“ segir hann.

— Af hverju tók þú myndlistarnámið ekki strax við á unglingsárunum?

„Í mínum uppveksti blasti ekki nema skorpa og smjörliki við þeim, sem lögðu út á þá braut. Ég vildi hins vegar verða efnalega sjálfstæður, eins og gerist oft með blanka þjakka.“

— Þú sérd ekki eftir að hafa gefið frá þér öruggt starf í bankanum. Ef til vill værir þú orðinn bankastjóri núna, ef þú hefðir haldið áfram þar.

„Það var mörgum sem fannst þetta algjör firra. En sjálfum finnst mér ég ekki hafa lifað lífinu fyrr en ég fór út í myndlistina.“

— Eiga ef til vill fleiri en við hyggjum sér draum um eitthvað allt annað lífsstarf, en þeir hafa með höndum?

„Það kæmi mér ekki á óvart. Ég hef að minnsta kosti oft verið dreginn afsíðis eftir að ég braut mér leið út úr bankanum og menn sagst ófunda mig af að þora að láta drauminn rætast. Hugsar fólk ekki allt of mikið um eitthvert fimndað öryggi og trúir ekki á sjálf sig?“

Hvað sjálfan mig varðar þá horfi ég ekki lengur niður í götu-ræsið, þegar ég er á göngu úti heldur lít hnarreistur í kringum mig.“

— Þú hefur samt ekki fórnað þínu efnalega öryggi fyrir myndlistina?

„Nei, ég verð aldrei þannig að ég tefli á tæpasta vað í fjármálum. Ennþá á ég mína tölvu, sem ég leigi út og vinn við hluta úr degi. En það er von mín að geta helgað mig myndlistinni í ríkara mæli.“

— Á sýningu Tryggva gefur fleira að líta en silkiþrykk, hann sýnir einnig litlar myndir þar sem hann beitir mezzotintunni.

„Ég byrjaði á þessu þegar ég dvaldi á Spáni um tíma. Ég þoldi ekki sólina og hélt mig því inni og prófaði mig áfram með þessa tækni. Hún er mjög aðgengileg, því við hana þarf litinn tækjakost. Annar kostur er sá að ekki þarf að nota sýrur, sem eru að hálfðrepa grafikera. Mezzotintan gefur líka mikla möguleika á tæru skugga-spili.“

— Í þessum myndum hefur konulikaminn fangað þig.

„Já, hann er eitt af þessum kærur myndefnum og líklega eitt af því flóknaða, sem myndlistarmenn fást við.“





— Þó þú tileinkir Reykjavík stóran hluta grafikmynda þinna, þá eru einnig á sýningunni myndir alls óskyldar Reykjavíkurmýndunum, sem minna einna helst á klippi-myndir.

„Ég hef frá upphafi gert slíkar myndir, enda hrifinn af „collage“ en það sem mér finnst einmitt svo skemmtilegt við grafikana er að hún veitir ákveðið frelsi, sem ekki er að finna í öðrum aðferðum.“

— Þetta er fyrsta einkasýning þín, er ekki einhver frumsýningar-hrollur í þér?

„Auðvitað. Fyrir svona sýningu leggur maður sig allan fram. Að sýna verk sín í fyrsta skipti er líkt og að segja: „Hér er ég, það er á þínu valdi hvað um mig verður eftir þetta.““

TEXTI: HILDUR EINARSDÓTTIR



Sýnishorn af 9 vinnslustigum silkiþrykksmynda Tryggva Árnasonar.